

**Nd.**

**509. Skýrsla**

viðvikjandi frv. til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir tekið frumvarp þetta til meðferðar á fundum sínum í dag, og jafnframt því einnig frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða, sem henni virðist standa í fullu sambandi við hið fyrra frumvarp. Með því nú, að nefndin gat eigi orðið á eitt sátt um meðferð þessa máls, verður eigi samið neitt álitsskjal um það af hennar hálfu, nje heldur neins meiri hluta í henni, enda frjáls atkvæði nefndarmanna, þegar til umræðu kemur. Þetta tilkynnist hinni háttv. deild fyrir hönd nefndarinnar.

Alþingi, 13. júlí 1918.

Pjetur Jónsson,  
formaður.

Magnús Pjetursson.  
skrifari.